

Yfirlýsing um samþykki síðari veðhafa

vegna skilmálabreytinga fasteignaveðlána á grundvelli laga nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 133/2008.

Með staðfestingu yfirlýsingar þessarar samþykkja undirritaðir, sem síðari veðhafar eða fyrir hönd síðari veðhafa samkvæmt umboði, skilmálabreytingar vegna lána sem framar eru í veðröð og varða breytingar á skilmálum veðskuldabréfs vegna greiðslujöfnunar, sbr. lög nr. 63/1985, sbr. lög nr. 133/2008 um breytingar á þeim lögum.

Í viðauka við samkomulagið eru taldir upp þeir lögaðilar sem veitt hafa Landssambandi lífeyrissjóða og Samtökum fjármálafyrirtækja umboð til að undirrita samkomulagið fyrir sína hönd.

Takmarkanir samþykkis

Samþykkið takmarkast við skilmálabreytingar vegna verðtryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi óski lántakandi eftir greiðslujöfnun samkvæmt ákvæðum laganna.

Samþykki þetta nær nánar tiltekið eingöngu til skilmálabreytinga sem fela það í sér að í stað þess að miðað verði við vísitöðu neysluverðs við útreikning verðtryggingar veðskuldabréfs verði miðað við greiðslujöfnunarvísitölu, sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 63/1985 eins og þeim er breytt með lögum nr. 133/2008.

Samþykki samkvæmt þessari yfirlýsingu nær ekki til annarra skilmálabreytinga en að framan greinir.

Samþykki aðila er háð því skilyrði að lán sé í fullum skilum og eingöngu sé um að ræða skilmálabreytingu til greiðslujafnaðar samkvæmt lögunum en ekki séu á sama tíma færð vanskil á höfuðstól lánsins.

Framkvæmd þinglýsingar


Samþykki aðila er háð því skilyrði, að vísað verði í ofangreind lög í skilmálabreytingu og jafnframt tekið fram að efni hennar samrýmist lögunum og sé ekki viðtækara en löginn tilgreina. Verði lögunum breytt síðar nær samkomulagið ekki til þeirra breytinga.

Gildistími

Samkomulag þetta er bindandi frá gildistöku laganna til og með 31. desember 2009 fyrir alla þá sem það undirrita nú eða síðar. Undirritun síðar meir á aukaeintak samkomulagsins skal hafa sama gildi og undirritun á frumeintak og varðveisitast á sama hátt.

Varsla samkomulagsins

Samkomulag þetta skal gert í fimm eintökumriti og skal eitt eintak varðveitt af Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF), Landssamtökum lífeyrissjóða, Íbúðaláanasjóði,



dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Skulu aðilar samkomulagsins eiga þess kost að fá staðfest afrit frá varðveislaðilum hvenær sem þess er óskað.

Reykjavík, 9. desember 2008

F.h. Landssamtaka lífeyrissjóða, kt. 450199-2069

Haukur Hafsteinsson
Haukur Hafsteinsson

F.h. Íbúðaláanasjóðs, 661198-3629

Gunnhildur Gunnarsdóttir
Gunnhildur Gunnarsdóttir

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja, kt. 440107-0870

Jóna Björk Guðnadóttir
Jóna Björk Guðnadóttir

Viðauki við yfirlýsingum um samþykki síðari veðhafa

vegna skilmálabreytinga fasteignaveðlana á grundvelli laga nr. 63/1995 um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 133/2008.

Eftirtaldir lögaðilar falla undir samkomulag Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), Landssambands lífeyrissjóða (LL) og Íbúðaláanasjóðs, dags. 9. desember 2008.

Eftirtalin aðildarfélög SFF falla undir samkomulagið:

- AFL-sparisjóður
- Byr sparisjóður
- Frjálsi fjárfestingarbankinn
- Nb.is-sparisjóður hf.
- NBI hf.
- Nýi Glitnir banki hf.
- Nýi Kaupþing banki hf.
- Sparisjóður Bolungarvíkur
- Sparisjóður Höfðhverfinga
- Sparisjóðurinn í Keflavík
- Sparisjóður Mýrasýslu
- Sparisjóður Norðfjarðar
- Sparisjóður Ólafsfjarðar
- Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON)
- Sparisjóður Skagafjarðar
- Sparisjóður Strandamanna
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
- Sparisjóður Svarfdæla
- Sparisjóður Vestmannaeyja
- Sparisjóður Þórshafnar og nágr.

Eftirtaldir lífeyrissjóðir sem eru aðilar að LL falla undir samkomulagið:

- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
- Lífeyrissjóður verzlunarmana
- Gildi lífeyrissjóður
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Almenni lífeyrissjóðurinn
- Stapi lífeyrissjóður
- Stafir lífeyrissjóður
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn
- Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
- Festa lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
- Lífeyrissjóður bankamanna
- Lífeyrissjóður verkfræðinga
- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
- Lífeyrissjóður bænda
- Eftirlaunasjóður FÍA
- Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands
- Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
- Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands
- Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar
- Lífeyrissjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
- Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar
- Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar

[Handwritten signatures]